




Staðsetning vinnuskúrs á byggingarreit vegna skammtíma veitutenginga.

Vinnuskúr skal staðsettur götumegin við byggingarlínu byggingareits, innan viðkomandi byggingarlóðar.

Gæta skal þess við staðsetningu vinnuskúrs að hann lendi ekki ofan á lagnaleiðum skólps, síma, hitaveitu, ferskvatns né rafmagns.



Tenging rafmagnsveitu

HS Veitur sjá um að framkvæma tengingu í götuskáp fyrir skammtímatengingu vinnuskúrs. Verktaki skal leggja streng varin í röri/jörðu á 20-30cm dýpi frá vinnuskúr á sinn kostnað í átt að götuskáp eða að tengiholu heimtaugar hússins þar sem heimtaugarlaufa er komin inn fyrir lóðarmörk. HS Veitur munu sjá um að tengja skammtímatengingu ef úttekt á útlagningu strengs frá vinnuskúr uppfyllir kröfur HS Veitna. Hafa ber í huga að vinnuskúrin mun þá aftengjast þegar aðalheimtaug húsnæðis er tengd. Gildistími skammtímatengingar er að hámarki eitt ár.

Tenging hitaveitu

Miðað er við að tengt sé við heimæðarenda hitaveitu á lóðamörkum. Viðskiptavinur leggur til og grefur niður rör frá heimæðarenda og inní vinnuskúr. HS Veitur annast tengingu við heimæðarendann og setur upp hemla-/mælagrind í vinnuskúrnum. Athugið að vinnuskúrin aftengist þegar heimæð húsnæðis tengist.

Tenging vatnsveitu

Miðað er við að tengt sé við heimæðarenda ferskvatnsveitu á lóðamörkum. Viðskiptavinur leggur til og grefur niður rör frá heimæðarenda og inní vinnuskúr. HS Veitur annast tengingu við heimæðarendann og setur upp mæli í vinnuskúrnum ef um mælda notkun er að ræða. Athugið að vinnuskúrin aftengist þegar heimæð húsnæðis tengist.